

## Nýr þáttur í Læknablaðinu: Ljósmyndir lækna

Í þessu tölublaði Læknablaðsins fer af stað nýr þáttur sem nefnist Ljósmyndir lækna. Hér verða birtar ljósmyndir sem læknar hafa tekið. Um er að ræða listrænar ljósmyndir frekar en að þær séu faglegar læknisfræðimyndir. Margir læknar hafa áhuga á ljósmyndun og halda úti skemmtilegum vefsíðum. Læknar eru hvattir til að senda ljósmyndir til birtingar í Læknablaðinu á [vedis@lis.is](mailto:vedis@lis.is), ásamt upplýsingum um myndirnar.



Reykjanes. Tekið í febrúar 2008 í fjörunni undir Valahmúk sunnan við Reykjanesvíta. Það var stilla og um 20 stiga frost þannig að gufaði upp af sjónum.

## Stefán Þorvaldsson

Fyrsti myndasmiður blaðsins er Stefán Þorvaldsson, sérfræðingur í lungnasjúkdómum og starfar á Reykjalundi, endurhæfingarmiðstöð og á Læknasetri. Hann stundaði sérnám í Gautaborg í Svíþjóð og flutti til Íslands sumarið 2008. Hefur frá þeim tíma verið forfallinn áhugaljósmyndari og tekur ljósmyndir jafnt af íslenskri náttúru sem og borgarlífi. Fleiri myndir má skoða á [www.flickr.com/photos/stefthor/](http://www.flickr.com/photos/stefthor/)

**Tæknilegar upplýsingar:** Allar myndirnar eru teknar á Canon EOS 350D með 20mm linsu.



Krísuvíkuvíti. Tekið í janúar 2008 ofan af Krísuvíkurbjargi, horft er í vestur að Krísuvíkuvita. Stillt og bjart veður að afloknum suðaustanstormi og enn þungt brim.



Vatnsfjörður. Tekin á Barðaströnd í mars 2008. Það var algjör stilla og þokuslæðingur sem sólin var að reyna að brjótaast í gegnum. Þá myndadist dauflitaður regnbogi sem spegladist í sléttum sjónum. Tekið af bryggjunni á Brjánslæk inn Vatnsfjörðinn.



Breiðdalur. Tekin í maí 2008 við Þjóðveg 1 sunnan við Breiðdalsvík í súld. Sést yfir leirurnar inn Breiðdalinn.